

Október 2006

REACH – NÝ LÖGGJÖF UM EFNI OG EFNAVÖRUR

NÝ LÖGGJÖF

Ný reglugerð um efni og efnavörur er væntanleg í Evrópu árið 2007. Nýja löggjöfin hefur fengið skammstöfunina REACH (Registration, Evaluation, Authorisation and restriction of CHemicals). REACH kveður á um skráningu, mat, leyfisveitingar og takmarkanir á notkun efna og efnavara innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Aðalmarkmið REACH er að vernda heilsu manna og umhverfi, að liðka fyrir samkeppni í efnaiðnaði og efla þróun nýrra efna á EES-svæðinu.

VIÐBRÖGD Á ÍSLANDI

Mikilvægt er að fyrirtæki geri sér grein fyrir sínu hlutverki og skyldum samkvæmt REACH og hefji nú þegar undirbúning aðlögunar. Þetta má til dæmis gera með því að taka saman allar upplýsingar um þau efni og efnavörur sem eru framleidd/flutt inn/notuð og hvaða ráðstafanir þarf að gera vegna þeirra. Aðilar neðar í framleiðslukeðju þurfa að athuga hjá byrgjum sínum hvort þeirra notkun felist í skráningu efnisins.



EFNI: Frumefni og sambönd þess, bæði náttúruleg og manngerð.

EFNAVARA: Hreint efni eða blanda tveggja eða fleiri efna í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi.

HVERS VEGNA NÝ EFNALÖGGJÖF?

Efnaframleiðsla í heiminum hefur vaxið úr um 1 milljón tonna, árið 1930, í yfir 400 milljón tonn á ári og fer enn vaxandi. Efni má finna alls staðar í umhverfinu, í fatnaði, leikföngum, húsgögnum, snyrtivörum, þvottaefni, málningu, byggingarefni, matvælum, umbúðum og fleiru. Mörg þessara efna má einnig finna í lofti, vatni, jarðvegi og einnig mönnum og dýrum, þar sem þau hafa safnast fyrir í gegnum árin. Efni geta haft hættulega eiginleika, verið ertandi, ætandi eða eitruð, valdið krabbameini, stökkbreytingum á erfðaefni eða neikvæðum áhrifum á æxlun. Þrátt fyrir þessa staðreynd er lítið vitað um áhrif flestra þeirra efna sem eru á markaði í dag.

Núverandi efnalöggjöf í Evrópu þykir flókin og hefur ekki orðið til þess að auka þekkingu á áhrifum efna á heilsu manna og umhverfi. Hún skiptist í meginatriðum í reglur um skráð efni, sem eru efni sem voru á markaði fyrir árið 1981, og reglur um ný efni, sem sett hafa verið á markað frá þeim tíma. Árið 1981 voru yfir 100.000 efni á markaði og ný efni sem hafa komið á markað síðan eru um 4000. Strangar kröfur eru gerðar til áhættumats á nýjum efnum áður en þau fá markaðsleyfi en engar slíkar kröfur eru gerðar til skráðra efna.

Yfirvöld hafa hingað til borið ábyrgð á að meta skráð efni séu metin með tilliti til áhættu. Þessi vinna hefur hinsvegar gengið hægt og af 141 efni sem hefur verið sett í forgang er einungis búið að ljúka mati á helmingi þeirra eða 71 efni.

Við innleiðingu REACH mun ábyrgð á áhættumati efna flytjast yfir á framleiðendur þeirra sem og innflytjendur efna og efnavara sem flytja inn frá löndum utan EES. Samhliða þessu verða kröfur til nýrra og skráðra efna sambærilegar. Framleiðendur og innflytjendur þurfa að veita upplýsingar um eiginleika efna sinna, notkunarsvið, áverkun og hvernig nota megja þau á sem öruggastan hátt. Aðilar neðar í framleiðslukeðjunni hafa einnig ákveðnum skyldum að gegna. Þeir þurfa að meta hvort þeir séu að nota efnin á viðurkenndan hátt, hvort framleiðsla þeirra sé örugg og að notkun valdi sem minnstum skaða á heilsu manna og umhverfi.

AÐILI NEÐAR Í FRAMLEIÐSLUKEÐJU:

Einstaklingur eða lögaðili sem starfar innan EES, annar en framleiðandi eða innflytjandi sem flytur inn frá löndum utan EES, og notar efni, hreint eða í efnavöru, í atvinnuskyni. Innflytjendur frá löndum innan EES eru aðilar neðar í framleiðslukeðju. Geymsla á efni eða flutningur er þó ekki skilgreind sem notkun neðar í framleiðslukeðju.



HVAÐ FELST Í REACH?

R – (Registration). Skráning á efnunum.

Öll efni sem framleidd eru eða flutt inn til EES í meira magni en 1 tonni/ári, u.þ.b. 30.000 efni, skal skrá hjá Efnastofnun Evrópu (ECHA) sem staðsett er í Helsinki í Finnlandi. Framleiðendur og innflytjendur eru ábyrgir fyrir skráningunni. Hvorki er heimilt að framleiða né markaðssetja hrein efni eða efni í efnavörum ef þau hafa ekki verið skráð. Skráning á efnunum sem eru í umferð fer fram í þrepum, háð magni eða eiginleikum, á 11 árum. Fyrst eru skráð þau efni sem framleidd eru eða flutt inn í meira magni en 1000 tonnum/ári og efni sem þekkt er að hafi ákveðna hættulega eiginleika.

E – (Evaluation). Mat á efnunum.

Við skráningu efnis leggur skráningaraðili fram upplýsingar um efnið auk tillagna um hvaða prófanir þurfi að gera. Efnastofnunin leggur mat á skráninguna og athugar hvort öllum skilyrðum skráningar sé fullnægt. Niðurstöður matsins geta gefið tilefni til að mæla með frekari prófunum á efninu eða að efnið skuli vera leyfissskyldt eða bannað.

SKRÁNINGARSKYLDA

Framleiðendur og innflytjendur allra efna, hvort sem þau eru hrein eða í efnavörum og í magni sem nemur meira en einu tonni á ári skulu skrá efni sín hjá Efnastofnuninni. Gjald verður tekið fyrir hverja skráningu. Framleiðendur efna og efnavara sem staðsettir eru utan Evrópska Efnahagssvæðið (EES) en flytja inn á svæðið, geta skipað einkafulltrúa sem sér um að uppfylla skilyrði REACH varðandi skráningu.

Forskráning á efnunum, sem þarf að skrá samkvæmt REACH, skal fara fram á 6 mánaða tímabili, 12-18 mánuðum eftir gildistöku REACH. Við forskráningu þarf einungis að senda inn grunnupplýsingar um efnið. Þeir framleiðendur og innflytjendur sem hyggjast skrá sama efni mynda svokallaðan upplýsingahóp um efnið. Þetta er gert til að auðvelda skráningu og gagnkvæma

þegar fleiri en einn framleiðandi er á efninu þurfa framleiðendur/innflytjendur að koma sér saman um prófanirnar. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir óþarfar eða endurteknar prófanir á efninu.

A – (Authorisation). Leyfisveiting efna.

Krabbameinsvaldandi efni og efni sem valda stökkbreytingum eða hafa neikvæð áhrif á æxlun verða leyfis-skyld. Þetta á líka við um þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum eða umhverfi og hafa skaðleg áhrif. Einungis verða veitt leyfi fyrir notkun þessara efna ef sýnt er fram á að notkun þeirra sé stjórnað með tilliti til áhættu eða að engin hættuminni efni geti komið í staðinn.

CH – (Chemicals). Efni.

REACH gildir um öll efni að undanskildum fjölliðum, milliefnum, sæfiefnum, varnarefnum og snyrtivörum auk tiltekinna efna sem talin eru upp í viðaukum. REACH gildir ekki um matvæli, fóður, lyf, lækningartæki, geislavirk efni og úrgang.

miðlun upplýsinga um efnið. Jafnframt er tilgangurinn að koma í veg fyrir endurteknar rannsóknir og minnka kostnað fyrirtækja við skráningar.

Markmiðið er að hvert efni verði aðeins skráð einu sinni hjá Efnastofnuninni. Óheimilt verður að markaðsetja efni og efnavöru sem fellur undir REACH, nema efnið hafi verið skráð hjá Efnastofnuninni.

ENGIN SKRÁNING => ENGINN MARKAÐUR

VIÐ SKRÁNINGU EFNA SKAL GEFA UPPLÝSINGAR UM:

- Eiginleika efnisins
- Notkunarvið efnis og verkun á menn og umhverfi
- Örugga notkun efnisins
- Tillögu að flokkun og merkingu

ÖRYGGISSKÝRSLA OG ÖRYGGISBLÖÐ

Öryggismat skal fara fram á öllum efnum sem framleidd eru eða flutt inn í meira magni en sem nemur 10 tonnum/ári. Niðurstöður matsins skulu skráðar í **öryggisskýslu**.

Öryggisblöð skulu fylgja efnum og efnavörum líkt og verið hefur. Upplýsingar á öryggisblöðum eiga að vera í samræmi við niðurstöður öryggismats.

UPPLÝSINGASKYLDA

Upplýsingaskylda við skráningu eykst í hlutfalli við það hve mikið af efninu er framleitt / flutt inn á ári; 1 tonn/10 tonn/100 tonn/1000 tonn. Öryggismat skal fara fram á öllum efnum sem eru framleidd eða flutt inn í meira magni en sem nemur 10 tonnum/ári. Niðurstöður matsins skal skrá í öryggisskýrslu sem á að fylgja efninu. Framleiðendur og innflytjendur skulu sem fyrr nota öryggisblöð til að koma upplýsingum til notenda um notkun hættulegra efna. Upplýsingar á öryggisblöðum skulu vera í samræmi við öryggismatið. Koma skal lágmarksupplýsingum um hrein efni og efni í efnavörum, sem ekki er sýlt að gera öryggisblöð um, til notenda og aðila neðar í framleiðslukeðjunni, s.s. skráningarnúmeri, hvort einhverjar takmarkanir séu á framleiðslu þess eða aðrar viðeigandi upplýsingar sem notendur þurfa að hafa svo hægt sé að umgangast efnið á réttan hátt.



Umhverfisstofnun,
Suðurlandsbraut 24
Sími 591 2000
www.ust.is

Ljósmyndir:
Umhverfisstofnun, Alcan.